

BORGARRÁÐ 21. júlí 2022 - Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um minnisblað borgarlögmanns varðandi gjaldtöku í bílastæðahúsum - MSS22070132

Flokkur fólksins leggur til að minnisblað borgarlögmanns þar sem fram kemur sú niðurstaða að borgarlögmaður telur að Bílastæðasjóði hafi verið óheimilt að taka gjald af handhöfum P-korta verði gert opinbert almenningi. Flokkur fólksins gerir sér grein fyrir að efni minnisblaðsins er viðkvæmt fyrir meirihlutann enda eindæmi að borgarlögmaður taki stöðu gegn borgarmeirihlutanum. Flokkur fólksins krefst fulls gegnsæis eins og síðasti og þessi meirihluti boðar í sinni stefnu. Í skýringum frá borginni af hverju feluleikur ríkir í kringum umrætt minnisblað kemur fram að ekki hafi verið tekin afstaða af hálfu Reykjavíkurborgar hvort afhenda eigi minnisblaðið almenningi til skoðunar. Minnisblaðið hefur um tíma verið í umferð fjölmiðla sem fjallað hafa um efni þess en almenningi er ekki ætlað að sjá það. Það er sérkennilegt. Ekki þarf að hafa öflugt ímyndunarafl til að koma niður á skýringu af hverju Reykjavíkurborg vilji að sem minnst fari fyrir þessu minnisblaði. Verið er að taka gjald af öryrkjum með stæðiskort þegar ekki á að gera það. Hér er um skattheimtu að ræða, búið er að takmarka þau réttindi sem handhafar stæðiskorta njóta. Flokkur fólksins hefur lagt fram fyrirspurnir um málið og má bæta við einni spurningu í viðbót, hún er hvort Reykjavíkurborg ætli ekki að taka mark á borgarlögmanni?

Greinargerð:

Árið 2019 voru ný umferðarlög samþykkt þar sem skýrt er kveðið á um að handhöfum stæðiskorta sé heimilt að leggja ökutæki í gjaldskytt bifreiðastæði án greiðslu og einnig að handhafar stæðiskorta megi leggja í sérmerkt bílastæði í öllum göngugötum. Fulltrúi Flokks fólksins telur málið alvarlegt og óskar upplýsinga um hvort aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur muni ekki fjalla um málið og álykta um að handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða skuli undanskildir gjaldskyldu í borgarlandinu, hvort sem er í bílastæðahúsum, bílskylum eða á götum úti? Í meira en þrjú ár hefur bílastæðasjóður brotið á þeim sem aka á P-merktum bílum. Spurning hlýtur að vera um að endurgreiða fólkinu til baka eða bjóða þeim aðrar skaðabætur.